



**697. fundur bæjarráðs Hveragerðis
haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Unnur Þormóðsdóttir formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Njörður Sigurðsson og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Nefndarsviði Alþingis frá 3.maí 2018. - 1805028

Með bréfinu óskar Alsherja- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn vegna frumvarps til laga um Kristnisjóð o.fl. (ókeypis lóðir), 269. mál.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Nefndarsviði Alþingis frá 3.maí 2018. – 1805028](#)

2. Bréf frá stjórn Eignarhaldsfélags Suðurlands frá 7.maí 2018. - 1805026

Í bréfinu er boðað til aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands hf miðvikudaginn 23. maí nk. kl. 14:00 á veitingastaðnum Hundur í höfn í Þorlákshöfn.

Fulltrúi Hveragerðisbæjar á fundinum verður Eyþór H. Ólafsson .

Fylgigögn:

[Bréf frá stjórn Eignarhaldsfélags Suðurlands frá 7.maí 2018. – 1805026](#)

[Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. Ársreikningur 2017 – 1805026](#)

[Hlutaðafaskrá EFS 2017 1805026](#)

[Dagskrá aðalfundar EFS 2018 – 1805026](#)

3. Bréf frá Sambandi sunnlenskra kvenna frá 26.apríl 2018. - 1805029

Í bréfinu er ályktun frá 90. ársfundi Sambands sunnlenskra kvenna. Í ályktuninni hvetur SSK sveitarstjórnir til að stuðla að heilsueflandi samfélagi og bættri lýðheilsu íbúanna með því að móta fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélög sín.

Jafnframt hvetur SSK sveitarfélög til að huga að sveigjanleika er varðar yngstu börnin, eftir að fæðingarorlofi foreldra lýkur.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Sambandi sunnlenskra kvenna frá 26.apríl 2018. – 1805029](#)



4. Bréf frá IOGT á Íslandi frá 22.mars 2018. - 1805030

Í bréfinu er umsögn IOGT á Íslandi um frumvarp um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis). 148. löggjafabing 2017-2018. Þingskjal 389 -287.mál.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá IOGT á Íslandi frá 22.mars 2018. - 1805030](#)

5. Bréf frá Orlofsnefnd húsmæðra frá 26.apríl 2018. - 1805032

Í bréfinu eru lagðar fram skýrslur um starfsemi Orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu ásamt reikningum ársins 2017.

Bæjarráð þakkar orlofsnefnd skilmerkilega skýrslu um greinilega góð og skemmtileg ferðalög kvenna.

Um leið er ekki annað hægt en að ítreka fyrri bókanir bæjarráðs um þá undarlegu tímaskekkju sem orlofsferðir sem þessar eru. Tregða löggjafarvaldsins til að afnema orlof húsmæðra er fyrir löngu orðin algjörlega óskiljanleg en slík mismunun á milli kynja og án nokkurrar skoðunar á fjárhagslegri stöðu þiggjenda er í undarlegri mótsögn við rekstur sveitarfélaga almennt og þær lagaskyldur sem á þau eru lagðar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Orlofsnefnd húsmæðra frá 26.apríl 2018. - 1805032](#)

6. Bréf frá Sr. Þóri Stephensen frá 27.apríl 2018. - 1805031

Í bréfinu býður bréfitari Hveragerðisbæ að vera í minningartöflu í bók er hann er að gera um sr. Stefán "sterka" Stephensen gegn greiðslu bókarverðs.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

Fylgigögn:

[Bréf frá Sr. Þóri Stephensen frá 27.apríl 2018. - 1805031](#)

7. Lóðarumsókn Vorsabær 3 - 1805039

Lögð fram umsókn um lóðina Vorsabær 3 frá Örk fasteignir kt. 440816-0290.

Bæjarráð samþykkir að úthluta umsækjanda lóðinni Vorsabær 3 í samræmi við reglur bæjarins um lóðaúthlutanir.

Fylgigögn:

[Lóðarumsókn Vorsabær 3 - 1805039](#)

8. Lóðarumsókn Þórsmörk 8,10,12 og 14. - 1805040

Alls bárust 7 umsóknir um lóðirnar Þórsmörk 8,10,12 og 14. 3 umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka áður en fundur hófst.

Bæjarráð samþykkir að úthluta umræddum lóðum í samræmi við reglur bæjarins um lóðaúthlutanir með eftirfarandi hætti:

Bragi Árdal fær lóðina Þórsmörk 14



*Pétur Reynisson fær lóðina Þórsmörk 12
Verkeining ehf fær lóðina Þórsmörk 8
Byggingeining ehf fær lóðina Þórsmörk 10.*

Fylgigögn:

[Lóðarumsókn Þórsmörk 8-10 Byggingeining. - 1805040](#)
[Lóðarumsókn Þórsmörk 12 Bragi Árdal. - 1805040](#)
[Lóðarumsókn Þórsmörk 12 Pétur Reynisson - 1805040](#)
[Lóðarumsókn Þórsmörk 12-14 Verkeining ehf. - 1805040](#)
[Lóðarumsókn Þórsmörk 14 Bragi Árdal. - 1805040](#)
[Lóðarumsókn Þórsmörk 14 Kristín Ósk Högnadóttir – 1805040](#)
[Lóðarumsókn Þórsmörk 14 Sólveig Elíasdóttir - 1805040](#)
[Bréf frá Kristínu Högnadóttur - 1805040](#)
[Bréf frá Braga Árdal - 1805040](#)
[Bréf frá Sólveigu Einarsdóttur - 1805040](#)

9. Verkfundur Fráveitulögn Sunnumörk-Mánamörk frá 8. maí 2018. - 1805035

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fylgigögn:

[Verkfundur Fráveitulögn Sunnumörk-Mánamörk frá 8. maí 2018. – 1805035](#)

10. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27.apríl 2018. - 1805034

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27.apríl 2018. - 1805034](#)

11. Fundargerð stjórnar Brunvarna Árnassýslu frá 4.maí 2018. - 1805027

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Brunvarna Árnassýslu frá 4.maí 2018. – 1805027](#)

12. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 3.maí 2018. - 1805036

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 3.maí 2018. - 1805036](#)



Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:15

Unnur Þormóðsdóttir

Friðrik Sigurbjörnsson

Njörður Sigurðsson

Helga Kristjánsdóttir